

Bjarni Reykjalin,  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps  
Kjarna  
650 LAUGAR

Garðabær, 10. maí 2017  
2017040030/42-0  
TB  
jgo/tb

### **Skipulags- og matslýsing fyrir Jarðböðin Jarðbaðshólum, Mývatnssveit**

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá skipulags- og byggingarfulltrúar Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps, dags. 19. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu vegna fyrirhugaðs deiliskipulags og breytinga á aðalskipulagi vegna Jarðbaðanna í Jarðbaðshólum, Mývatnssveit.

#### ***Almennt***

Svæðið sem um ræður er innan vatnsverndarsvæðis skv. lögum um vernd Mývatns og Laxár nr. 97/2004. Í kafla 2 koma fram áherslur sveitarfélagsins hvað varðar uppbyggingu atvinnulífs og náttúru- og umhverfisverndar. Þar kemur m.a. fram að taka skuli mið af lögum nr. 97/2004 og tilheyrandi reglugerð og sérstaklega lögð áhersla á hreinsun skólps. Einnig er m.a. lögð áhersla á að ákveðnum náttúruyfyrirbærum verði ekki raskað, byggingar lagaðar að landslagi, afturkræfni, að rask verði sem minnst og að grunnvatn verði ekki mengað.

Í kafla 3 eru raktar forsendur skipulagsins, sem eru fyrst og fremst aukning ferðamanna. Í kafla 3.3 er fjallað um verndargildi og þar einungis tilgreint að svæðið er innan vatnsverndarsvæðis skv. lögum nr. 97/2004 og stuttlega lýst sögu jarðbaða á þessum stað og að engar minjar séu um upphaf þeirra. Einnig er í kafla 3 komið inn á stöðu skipulags á svæðinu og tengsl nýs skipulags við Landsskipulagsstefnu og aðrar skipulagsáætlanir s.s. svæðisskipulag og deiliskipulag Bjarnarflagsvirkjunar. Í kafla 3.4 er komið inn á tengsl skipulagsins og laga um vernd Mývatns og Laxár og þar fyrst og fremst vísað til 4. gr. laganna um vernd vatnasviðs og grunnvatns. Í kafla 4 er síðan lýst breytingum sem eru fyrirhugaðar á aðalskipulagi, komið inn á greinargerð þess og síðan sýnt það svæði sem lagt er til að deiliskipulagið nái til og sýndar mögulegar útfærslur í landi og stærð og umfang bygginga, baða, bílastæða o.fl.

Í kafla 6 er fjallað um umhverfismat áætlana og lög um mat á umhverfisáhrifum og síðan er í kafla 7. fjallað um skipulagsferlið.

#### ***Umsögn***

Að mati Náttúrufræðistofnunar er skipulags- og matslýsingin nokkuð góð yfirferð yfir það



sem stendur til að skipuleggja og framkvæma. Engu að síður eru nokkur atriði sem ekkert er minnst á og ekki hægt að meta á þessu stigi hvort farið verði nægjanlega ítarlega í náttúrufar svæðisins og verndargildi þess. Og enn síður er hægt að meta hvort niðurstaða skipulagsins og umhverfismats verði með þeim hætti að fyrirhugaðar framkvæmdir komi ekki til að með að rýra verndargildi náttúruminja á svæðinu sjálfu og utan þess.

Þó fyrirhugað framkvæmda- og skipulagssvæði sé innan vatnsverndarsvæðis laga um vernd Mývatns og Laxár þá gilda einnig lög um náttúruvernd nr. 60/2013 á svæðinu en það kemur hvergi fram í lýsingunni. T.d. segir í kafla 6 að umfang áhrifa verði borin saman við reglugerðir og stefnuskjöl stjórnvalda en þar undir eru t.d. ekki lög um náttúruvernd. Þó eðlilegt sé að leggja mikla áherslu vernd vatnasviðsins og þ.a.l. á vernd grunnvatns þá vantar að tengja saman í lýsingunni gæði vatns og vernd lífríkis Mývatns og Laxár. Vel getur verið að höfundum lýsingarinnar þyki þetta sjálfsagt mál en engu að síður þarf koma inn á þessi atriði og fleiri.

Eins og kemur fram hér að framan er í skipulags- og matslýsingunni ekki vísað í lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í skipulagsvinnunni verði skoðað hvernig væntanlegt deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi samræmist almennum markmiðum laganna sem koma m.a. fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*), og einnig verði umfjöllun í skipulaginu í tengslum við einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda (sjá einnig lið II ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 97/2004), 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Mikilvægt er að skoða a.m.k. allar framangreindar lagagreinar í skipulagsvinnunni þó þær eigi ýmist við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnunni byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Að öðru leyti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við skipulags- og matslýsinguna.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

